

Fimmtudaginn 21. nóvember 1996.

Nr. 56/1996.

**Íslenska ríkið**

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

gegn

**Snæbirni Ingólfssyni**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

**og gagnsök**

Skaðabótamál. Örorkubætur. Skóli.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1996. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara þess, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 16. febrúar 1996. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 5.248.515 krónur, með tilgreindum ársvöxtum frá 23. janúar 1991 til 19. nóvember 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfum sínum hefur gagnáfrýjandi breytt þannig frá því, sem var fyrir héraðsdómi, að felld er niður krafa um greiðslu á 13.522.400 krónum í áfellisbætur, er hann nefnir svo, og krafa um miskabætur lækkuð í 1.000.000 króna. Krafa um bætur fyrir fjárhagslegt tjón vegna örorku er og lækkuð með tilliti til bótagreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins og Vátryggingafélagi Íslands hf. Þá er felldur brott kröfuliður, að fjárhæð 16.950 krónur, vegna kostnaðar við tjónsútreikning, þar sem hann eigi fremur heima með málskostnaði. Loks kveðst gagnáfrýjandi setta sig við niðurstöðu héraðsdóms um sýknu til handa Akureyrarbæ, og tekur áfrýjun málsins ekki til hans.

Fyrir Hæstarétt hefur aðaláfrýjandi lagt ljósrit vinnuteikninga af

verkefnum, sem gagnáfrýjandi og skólasystkin hans eru sögð hafa unnið að á haustönn 1990. Hafa kennarar hans fært inn á ljósritin, hve oft hafi þurft að saga með hinni umdeildu vélsög við þá smíði, sem fólst í hverju verkefni.

# I.

Atvik að slysi því, er gagnáfrýjandi varð fyrir 23. janúar 1991 í kennslustund í Verkmenntaskólanum á Akureyri, þar sem hann var við nám á fyrsta ári í grunndeild tréiðnaðar, eru rakin í meginatriðum í hinum áfrýjaða dómi. Er hann sagður hafa verið síðastur í hópi nemenda, sem áttu að saga til spónlagða plötu í hjólsög í einni kennslustofu skólans. Kennari hafði leiðbeint fyrstu nemendunum og staðið yfir nokkrum hinna við sögina, en var farinn frá til að leiðbeina við límingu, þegar gagnáfrýjandi tók til við verkefnið, en hann hafði komið of seint í kennslustundina. Að sögn gagnáfrýjanda bað kennarinn einn af félögum hans að verða eftir honum til aðstoðar. Við meðferð málsins í héraði var enginn úr skólanum kvaddur til vitnisburðar um atburðinn eða um kennsluhætti þar og notkun sagarinnar nema fyrrgreindur kennari og annar kennari gagnáfrýjanda.

Slysið var rannsakað á vettvangi af hálfu rannsóknardeildar lögreglunnar á Akureyri og umdæmisstjóra Vinnueftirlits ríkisins, sem tóku ljósmyndir á staðnum. Verður við það að miða, að sagarblað, kleyfir og öryggishlíf á hjólsöginni hafi verið í þeirri stöðu, sem myndirnar sýna, þegar óhappið varð. Óumdeilt er, að gagnáfrýjandi hafi tekið sér stöðu hægra megin við sleða á hjólsöginni og lagt plötuna upp við landið, sem var sömum megin, og ýtt henni þannig fram að sagarblaðinu. Í stefnu í héraði lýsir gagnáfrýjandi þessu svo, að hann hafi staðið öfugum megin við sögina. Hér fyrir dómi hefur lögmaður hans þó lagt áherslu á, að ekki sé einhlítt, að réttara hafi verið að standa vinstra megin við sleðann, heldur megi gera ráð fyrir hvoru tveggja. Hafi hann haft þetta sitt á hvað í þau fyrri skipti, er hann notaði tækið. Þá staðhæfingu vefengir kennari hans.

Málsaðilar hafa lagt fram ljósrit úr tveimur kennslubókum í trésmíði, og var önnur þeirra notuð við skólann. Engum álits- eða matsgerðum óháðra aðila er til að dreifa í málinu nema umsögn Vinnueftirlits ríkisins, er umdæmisstjóri þess ritaði þegar eftir vett-

vangsrannsókn og staðfesti síðar fyrir héraðsdómi. Efni hennar hefur ekki verið hnekkkt, og verður hún lögð til grundvallar, svo langt sem hún nær.

## II.

Í umsögn umdæmisstjórans segir meðal annars um orsakir slyssins: „Fram kemur í vitnaskýrslu slasaða, að hann hafi staðið hægra megin við borð sagarinnar. Það hlýtur að teljast eðlilegra að standa vinstra megin við borðið, þannig að auðveldara sé að halda efninu, sem unnið er með, upp að landinu. Einnig má telja líklegt, að blaðhlífin hafi verið of ofarlega og þar með ekki virkað sem skyldi.“ Fyrir dómi skýrði hann hið síðara nánar á þann veg, að hlutverk öryggishlífarinnar væri að loka af þann hluta sagarblaðsins, er næði upp úr efninu, sem verið væri að saga. Ætti hún að vera stillt eins neðarlega og nálægt efninu og mögulegt væri. Um kleyfinn aftan sagarblaðsins sagði hann enn fremur, að samkvæmt viðeigandi stöðlum ætti hann að vera stilltur þannig, að bil milli hans og blaðsins væri sem næst 3 mm, en samkvæmt myndum af vettvangi var bilið mun meira í þetta sinn. Lýsti umdæmisstjórinn því álit, að hvorki öryggishlífin né kleyfirinn, sem hún var áföst við, hefði verið rétt stillt. Hann taldi jafnframt, að hlífin hefði átt að duga til að hindra slysið, ef þessum reglum hefði verið fylgt.

Að sögn gagnáfrýjanda bar slysið að með þeim hætti, að honum fannst platan vera að færast frá landinu á söginni, og færði hann hægri hönd fram eftir plötunni til að þrýsta henni þar betur að, en rak höndina í sagarblaðið, þegar hann dró hana til baka. Telja verður ljóst, að honum hefði síður orðið nauðsyn á þessari hreyfingu, ef hann hefði staðið vinstra megin við sögina. Er nægilega í ljós leitt, að þau vinnubrögð hafi verið réttari og kennari hans ætlast til, að þeim yrði beitt. Verður slysið þannig að nokkru rakið til þess, hvornig gagnáfrýjandi stóð að verkinu. Með hliðsjón af því, sem fyrr greinir, verður á hinn bóginn að líta svo á, að stilling á kleyfi og öryggishlíf hafi ráðið úrslitum um, að gagnáfrýjandi meiddist, og verði slysið einnig rakið til hennar.

Atvik að slysinu og ábyrgð á því verður að meta í ljósi þess, að í skólum ber að kosta kapps um að vernda nemendur fyrir slyshættu og gæta ýtrasta öryggis í því skyni. Átti tilhögun á kennslu og vinnu

við sögina að vera í samræmi við þetta. Ætla verður, að gagnáfrýjandi hafi komið að tækinu í sömu stillingu og það var, meðan hinir nemendurnir unnu verk sitt undir leiðsögn og eftirliti kennarans. Beri kennarinn þannig ábyrgð á því, hvernig stillingunni var háttað. Með skírskotun til þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að skipta eigi skaðabótaábyrgð á slysinu þannig, að aðaláfrýjandi beri hana að 2/3 hlutum, en gagnáfrýjandi sjálfur að 1/3 hluta.

### III.

Í slysinu missti gagnáfrýjandi framan af tveimur fingrum hægri handar. Er áverkanum og afleiðingum hans lýst í örorkumati Júlíusar Valssonar læknis 12. mars 1992, þar sem læknisfræðileg örorka vegna hans er talin 100% þrjá mánuði eftir slysið, en varanleg 15%. Bótakrafa gagnáfrýjanda styðst við þetta mat ásamt líkindareikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings 19. október 1995, þar sem vinnutekjutap í hlutfalli við þessa örorku er áætlað eftir meðaltekjum iðnaðarmanna frá og með 26. aldursári og höfuðstólsverðmæti þess reiknað miðað við almenna sparisjóðsvexti frá slysdegi til útreikningsdags og síðan við 4,5% ársvexti og vaxtavexti. Verður höfð hliðsjón af þessum gögnum við ákvörðun bóttanna.

Kröfu sína sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

|                                                                               |               |
|-------------------------------------------------------------------------------|---------------|
| Tjón af tímabundinni örorku                                                   | kr. 136.700   |
| Tjón af varanlegri örorku                                                     | – 4.503.300   |
|                                                                               | <hr/>         |
|                                                                               | kr. 4.640.000 |
| Töpuð lífeyrisréttindi                                                        | – 270.200     |
| Miskabætur                                                                    | – 1.000.000   |
|                                                                               | <hr/>         |
|                                                                               | kr. 5.910.200 |
| Fráðregnar slysabætur frá Tryggingastofnun ríkisins eftir verðmæti á slysdegi | kr. 240.900   |
| Fráðregin bótagreiðsla úr almennri slysatryggingu hjá VÍS hf.                 | – 420.785     |
|                                                                               | <hr/>         |
| Samtals                                                                       | kr. 5.248.515 |

Slysið olli ekki mikilli röskun á námi gagnáfrýjanda. Er ósannað, að hann hafi beðið tjón af tímabundinni örorku sinni, og verður það

ekki metið til bóta. Bætur fyrir fjártjón vegna varanlegrar örorku hans þykja í heild hæfilega metnar 3.400.000 krónur að teknu tilliti til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi hennar. Krafa um bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda verður tekin til greina óbreytt. Miskabætur vegna slyssins, sem valdið hefur lýti og óþægindum, teljast hæfilega metnar 350.000 krónur. Frá þessum fjárhæðum verða dregnar þær slysabætur, sem gagnáfrýjandi hefur fengið, eins og hann miðar sjálfur við.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda 2/3 hluta af samtals 3.358.515 krónum ( $3.400.000 + 270.200 + 350.000 - 240.900 - 420.785$ ), 2.239.010 krónur, með vöxtum eins og nánar segir í dómsorði. Er upphafstími dráttarvaxta þar miðaður við fyrrgreindan útreikningstíma kröfunnar.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og um er mælt í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, íslenska ríkið, greiði gagnáfrýjanda, Snæbirni Ingólfssyni, 2.239.010 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. janúar 1991 til 19. október 1995 og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 1. desember 1995.**

Mál þetta, sem upphaflega var dómtekið 20. október sl., en endurupptekið 16. f. m. og þá að nýju dómtekið, hefur Þorsteinn Hjaltason hdl. höfðað með stefnu, út gefinni á Akureyri 14. júní 1994 og birtri bæjarstjóra Akureyrar 16. s. m. og menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 20. s. m., fyrir hönd Snæbjörns Inga Ingólfssonar solumanns, kt. 070474-3609, Helluvaði III, Mývatnssveit, á hendur fjármálaráðherra og menntamálaráðherra f. h. ríkisins og bæjarstjóranum á Akureyri f. h. Akureyrarbæjar og Verkmenntaskólans á Akureyri in solidum til greiðslu bóta, að fjárhæð 21.449.550 kr. [með nánar tilgreindum vöxtum].

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðar-reikningi, að fjárhæð alls 812.985 kr., og er virðisaukaskattur innifalinn í þeirri fjárhæð.

Stefndu menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefjast þess aðallega að verða sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins og til vara, að krafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Stefndi Akureyrarbær gerir sömu kröfur.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig: höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi 4.640.000 kr., verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 270.200 kr., útlagður kostnaður vegna útreiknings tryggingafræðings 16.950 kr., miska-bætur 3.000.000 kr., áfellisbætur 13.522.400 kr., alls 21.449.500 kr.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að 23. janúar 1991 hafi hann verið 16 ára nemandi á fyrsta ári í grunndeild tréiðnaðar í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Hafi hann verið að vinna að smíði sjónvarpsskáps. Næsta verk-efni hafi verið að saga bakhlið skápsins, sem var úr 12 mm spónlagðri spónaplötu, og hafi átt að vinna verkið í hjólsög af gerðinni FKS Kamro. Hafi stefnandi komið of seint í kennslustund og því ekki séð, þegar kennari sagði nemendum til og sýndi vinnubrögðin. Er hann kom, hafi sér verið sagt að saga bakhliðina og koma svo á annan stað, þar sem kennarinn var að segja nemendum til við límingu stykkjanna. Hafi stefnandi tekið sér stöðu öfugum megin við sögina, þ. e. a. s. hægra megin, og vegna þessarar röngu vinnustöðu hafi hann átt erfitt með að halda efninu upp að landinu. Hafi hann verið með hægri hönd á plötunni, en vinstri hönd hafi hann not-að til að ýta á eftir, en ekki notað eftirreku. Eftir að hann byrjaði að saga, fannst honum platan skekkjast og færast frá landinu. Hafi hann ætlað að rétta plötuna af, en þegar hann var að færa höndina til baka, rak hann sig í vélsagarblaðið með þeim afleiðingum, að hann sagaði framan af fingrum hægri handar. Hafi slysið verið rannsakað af lögreglu og vinnueftirliti, og með örorkumati Júlíusar Valssonar lækni, dagsettu 12. mars 1992, hafi ör-orka stefnanda verið metin 100% í þrjá mánuði, en 15% varanleg. Þetta er í megindráttum atvikalýsing stefnanda í stefnu.

Samkvæmt lögregluskýrslu á dskj. nr. 3 var tilkynnt til lögreglunnar á Akureyri miðvikudaginn 23. janúar 1991 kl. 14.35, að vinnuslys hefði orðið á trésmíðaverkstæði Verkmenntaskólans á Akureyri við Þórunnarstræti, þar sem stefnandi hefði lent með hægri hönd í hjólsög og sagað framan af vísi-fingri og löngutöng. Á vettvangi höfðu rannsóknarlögreglumenn tal af Jóni Hólmgeirssyni kennara, sem sýndi þeim hjólsög þá, sem stefnandi var að vinna við, Kamro FKS, árgærd 1970. Tjáði hann þeim, að stefnandi hefði verið að saga spónaplötu í skáp, 12 mm þykka og að stærð 65 × 37 cm. Hefði stefnandi átt að nota eftirreku, sem þarna var á söginni, en líklega hefði hann ekki gert það. Enginn varð vitni að slysinu. Á vettvang kom

Helgi Haraldsson, starfsmaður Vinnueftirlits ríkisins, og verður skýrsla hans rakin síðar.

Hinn 31. janúar 1991 var tekin skýrsla af stefnanda hjá rannsóknarlög-reglu. Upplýsti hann, að hann væri fyrsta árs nemi í grunndeild tréiðnaðar, og er slysið varð, hefði hann verið að saga spónaplötu, sem hefði átt að vera bakhlið í sjónvarpsskáp. Kvaðst hann hafa verið að saga plötuna í hjólsög, sem þarna væri á verkstæðinu, og hefði hann oft áður notað þessa sög í vetur. Er hann byrjaði að saga, hefði hann staðið hægra megin við borðið og verið með hægri hönd á plötunni, en hina vinstri hefði hann notað til að ýta á eftir henni. Hefði sér þá sýnst hún fara frá landinu og ætlað að rétta hana, en þá farið með hægri hönd í sagarhjólíð. Hefði skólafélagi sinn, sem var þarna hjá, kallað til sín, að hann hefði sagað í höndina á sér, og hann þá hlaupið til Jóns Hólmgeirssonar kennara, sem hefði búið um sárið og flutt sig á slysadeild FSA.

Aðspurður sagðist hann ekki hafa notað eftirrekuna, og væri hún ekki notuð, þegar svona breið plata væri söguð. Ekki gat hann lýst slysinu nánar. Einnig lýsti hann áverkum sínum.

Hinn 5. febrúar 1991 var tekin vitnaskýrsla hjá rannsóknarlög-reglu af Jóni Hólmgeirssyni trésmíðakennara. Upplýsti hann, að hann hefði starfað sem trésmíðakennari við verkmenntaskólann á annað ár. Áður hefði hann kennt trésmíðar við Gagnfræðaskóla Akureyrar. Upplýsti hann, að stefnandi væri nemi á fyrsta ári og verið í tíma hjá sér, er slysið varð. Hefði hann verið að vinna við áðurnefnda hjólsög. Kvaðst hann hafa sýnt nemendum sínum, hvernig nota ætti þessa hjólsög, og sagði nemendurna og þar með stefnanda hafa áður unnið með söginni. Í þetta sinn hefðu nemendur sínir verið að taka á stærð stykki í skáp (sic). Hann segir þá hafa verið með efni úr 12 mm spónlagðri spónaplötu. Hefði hann staðið yfir nemendum sínum, sem komu hver á eftir öðrum að hjólsöginni. Hefði hann leiðbeint fyrstu nemendunum í viðurvist hinna. Hefðu nemendurnir staðið aftan við hjólsögina og rennt plötunum fram eftir borði vélarinnar upp við landið, sem var hægra megin á borðinu. Sagði hann þarna hafa verið um svo breiða plötu að ræða, að ekki hefði verið nauðsynlegt að nota eftirreku, sem þó var á staðnum. Hann sagði það brýnt fyrir nemendum, ef um mjórri stykki væri að ræða, að nota eftirrekuna, en um breiðari stykki væri það ekki nauðsynlegt, en nemendum þá uppálagt að setja þumalfingur handarinnar, sem hvíldi ofan á stykkinu og ýtt er með eftir, aftan við brún stykkisins til öryggis. Þannig minnki hætta á, að höndin geti runnið til á stykkinu. Svo sem áður greinir, hafi hann verið búinn að sýna fyrstu nemendunum, hvernig ætti að standa að verki, og hann síðan fylgst með þeim næstu. Hafi

hann síðan farið fram fyrir, áður en allir voru búnir, til þess að sýna þeim fyrstu, hvar þeir ættu að kantlíma þau stykki, sem þeir voru búnir að saga. Hafi hann því ekki séð, er slysið vildi til. Vélin, sem notuð var, hafi verið í fullkomnu lagi og það verið staðfest af fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins. Hlíf hafi verið á vélinni yfir sagarblaðinu, eins og gert sé ráð fyrir, og kvaðst hann því ekki gera sér fyllilega grein fyrir því, hvað raunverulega gerðist. Taldi hann einfaldlega, að þarna hefði verið um óhappatilviljun að ræða.

Rannsóknarlögreglan tók ljósmyndir af slysvettvangi, og eru þær á dskj. nr. 4.

Á dskj. nr. 5, sem er skýrsla Helga Haraldssonar, umdæmisstjóra Vinnueftirlits ríkisins, kemur fram, að vinnueftirlitinu var tilkynnt um slys þetta 23. janúar 1991 kl. 14.35. Fór umdæmisstjórinn á vettvang kl. 14.45 til rannsóknar. Í skýrslunni segir, að tildrögin séu óljós að öðru leyti en því, að hinn slasaði var að vinna í hjólsög af gerðinni Kamro. Var hann að saga 12 mm þykka spónaplötu, 65 × 37 cm að stærð. Lenti hann við það með finger hægri handar í sagarblaðinu með þeim afleiðingum, að hann missti framan af vísifingri og löngutöng og slasaðist einnig á baugfingri. Aðstæður á slysstað voru eftirtaldar: „Gólf ekki hrein, þó ekki áberandi hál. Lýsing og hitastig eðlileg. Við athugun tækja og búnaðar kom eftirtalið í ljós: Vélin af gerðinni Kamro FKS, framleiðslunúmer 810, árgerð 1970, reyndist í lagi. Blaðhlíf og kleyfir voru á vélinni, og eftirreka lá á vélinni. Á vélinni var límniði til áminningar um, að röng vinnubrögð gætu valdið slysum. Orsök slyssins er að miklu leyti óljós. Fram kemur í vitnaskýrslu slasaða, að hann hafi staðið hægra megin við borð sagarinnar. Eðlilegra hlýtur að teljast að standa vinstra megin við borðið, svo að auðveldara sé að halda efninu, sem unnið er með, upp að landinu. Einnig má telja líklegt, að blaðhlífin hafi verið of ofarlega og þar með ekki verkað sem skyldi. Slasaði mun ekki hafa notað eftirreku, þegar slysið varð. Skyldur aðila samkvæmt lögum nr. 46/1980 voru skýrðar fyrir verkstjóra/forstöðumanni og eftirfarandi fyrirmæli gefin: Við vinnu við hjólsagir skal ávallt sýna ýtrustu varkárni og nota eftirreku og stuðningsklossa til að minnka hættu á að lenda með finger í blaði hjólsagarinnar.“

Umdæmisstjórinn tók ljósmyndir á vettvangi.

Fyrir dómi bar stefnandi, Snæbjörn Ingi Ingólfsson, að daginn, er slysið varð, hefði hann komið 10-15 mínútum of seint í kennslustund og strákarnir byrjaðir að saga. Hefði hann gengið til þeirra og spurt, hvað verið væri að gera, og kennari svarað, að verið væri að saga bakhliðar í sjónvarpsskáp-ana, sem verið var að gera í þetta skipti. Hefði kennarinn sagt sér að bíða, þangað til þeir „klári sig af“, og hefði hann þá sótt stykki sín og komið,

þegar þeir voru að klára. Kennarinn gefi sér upp mál og fari svo inn í handavinnusalinn, en biðji einn strák að vera sér til aðstoðar. Hann byrji að saga og gangi vel, þangað til honum sýnist platan vera að færast frá landinu. Færi hann þá hægri hönd fram fyrir og þrýsti að, en er hann færi höndina til baka, lendi hann með tvo fingur hægri handar í sagarblaðinu. Hafi hann engar leiðbeiningar fengið, áður en hann fór að saga, og ekki séð hina strákana saga og kennarinn ekki fylgst með sér, er hann sagaði, og ekki hreyft við stillingum á söginni. Hefði hann talið hana vera rétta. Hefði hann staðið hægra megin við sledann hjá söginni og talið þetta vera rétta stöðu. Félaginn, sem var viðstaddur og hefði séð hina saga, gerði enga athugasemd við þessa stöðu. Hann hefði byrjað í trésmíðanámi haustið 1990 og sagað fyrst í lok september eða byrjun október á haustönn. Er slysið varð, hefði einn kennari verið viðstaddur. Ekki hefði slasaði fengið æfingu í að stilla öryggishlífina og engin mál uppgefin um stillingu hennar í kennslunni, enda öryggisfræði kennd á vorönn, en ekki verkleg fyrr en í mars og öryggisfræðin kennd, eftir að nemar voru búnir að vinna með vélum. Hann upplýsti, að hann væri réttthendur. Á haustönn hefðu bóklegir tímar verið 8 á viku og verklegir 12 eða 24. Bóklega kennslu hefðu annast Ágúst Ólafsson, en verklega þeir Jón Hólmgeirsson og Torfi Leósson og einstaka sinnum Ágúst Ólafsson. Sýnikennsla hefði verið fyrst í trésmíðavélunum og alltaf kennari með þeim og fylgst með þeim og aldrei fleiri en 8 nemendur í hóp. Í bóklegu hefði verið farið yfir öryggisatriði, en lítið eftir bókinni, en kennari leiðbeint af reynslu sinni af þessari vél. Kennslan hefði mátt vera betri, t. d. stilling á öryggishlíf, sem hann hefði aldrei stillt, og nemendur ekki látnir stilla hana og þeim aldrei upp gefin nein mál og kennarar alltaf stillt hana. Hann hefði ekki kynnt sér efni kennslubókar. Á haustönn hefði hann smíðað verkfærakistu, skemil, tröppu og lyfjaskáp og sagað tvisvar eða þrisvar í vélinni á haustönn. Ekki hefði hann fengið bendingu um, að hann stæði ranglega við vélina, og hann staðið sitt á hvað við vélina, en sér hefði verið sýnt, hvernig átti að stilla hana. Ekki hefði hann orðið fyrir truflun, er hann var að saga, en aðspurður svaraði hann, að verið gæti, að hann hefði sagað oftari en tvisvar eða þrisvar, en mundi það ekki. Hann upplýsti, að hann hefði fallið á verklegu sveinsprófi og hætt að vinna við smíðar vegna vangetu sökum þeirra áverka, er hann hlaut. Þær hömlur, sem áverkinn hefði haft í för með sér, væru m. a. þær, að hann ætti erfitt með að halda á penna. Hann hefði gefist upp í byggingarvinnu, þar sem hann valdi ekki hamri nægjanlega, og eigi erfitt með vélritun í tölvunámi. Hann hefði verið markmaður í fótbolta, en gripið mun minna, og komi það niður á blakiðkun, spjótkesti og kúluvarpi. Hann eigi erfitt með fingrip og fínvinnu,

svo sem móðelsmíði, sé kulsækinn og alltaf eitthvað nýtt að koma fram, sem geri honum lífið erfiðara, t. d. píanóleikur o. s. frv.

Vitnið Jón Hólmgeirsson, kt. 150435-4209, smíðakennari, Álfabyggð 7, Akureyri, sem jafnframt er húsgagnasmíðameistari og með kennararéttindi, upplýsti, að hann hefði verið kennari frá árinu 1975 og í verkmenntaskólanum, frá því að hann var stofnaður 1984. Hefði hann kennt á fyrstu önn um haustið í tréið og verkleg kennsla verið 24 tíma á viku. Bókleg fög hefði kennt Ágúst Ólafsson. Kennslunni lýsti hann svo, að hann kynnti nemendum vinnusvæðið og vélarnar í upphafi, hvað sé hvað og hvað beri að varast. Fyrstu kennslustundir væru þannig, að fáir nemar væru, þegar verið væri að sýna þeim vélarnar á fyrstu önn, en þegar menn færu að æfast, væri eftt með mönnum sjálfstæði, þ. e. a. s. þjálfað, og síðan fari menn að saga sjálfir, þegar þeir séu farnir að æfast á seinni hluta fyrstu annar. Væri nemendum kennt að stilla vélar, og hefði stefnandi oft sagað í vélinni, áður en slysið varð. Á fyrstu önn væru smíðuð lítil æfingastykki, og síðan sagi nemar sjálfstætt, þegar þeir færu að æfast. Í upphafi væri mönnum kennt að stilla vél og öryggishlíf og varað við hættu. Ef öryggishlíf eða vél væri rangstillt, eigi nemar að geta leiðrétt það eftir kennsluna. Sérstaklega hafi verið brýnt fyrir nemum að standa réttum megin við vélar, í þessu tilfelli vinstra megin. Hann upplýsti, að þegar söguð væri spónlögð plata, þyrfti sagarhjól að vera vel upp úr, svo að það bryti ekki spóninn, og áfallshorn lágmark 45°. Hann upplýsti, að sjóngat á öryggishlíf nýtist illa, svo að stilla yrði hlífina hærra til þess að geta fylgst með söguninni. Ef kleyfirinn á sögunni væri stilltur of nálægt sagarhjóli, væri hætta á því, að sagartennur gætu brotnað, sem ylli stórhættu. Hafi hann í þetta skipti orðið var við, að stefnandi kom of seint í tíma, en miðað við kunnáttu hans hafi hann ekki haft sérstakar áhyggjur af honum. Taldi hann fjarlægðina sagarblað-kleyfir hæfilega 8 – 12 mm, en það færi eftir því efni, sem verið væri að vinna, en ekki 3 mm, eins og kennslubók segði. Vitninu var sýnt dskj. nr. 4, ljósmyndir rannsóknarlögreglu af slysvettvangi, og taldi vitnið fjarlægðina milli kleyfis og sagarblaðs meiri en 10 – 12 mm og kleyfinn heldur langt frá sagarblaði og of langt bil á milli. Kleyfir og öryggishlíf eru föst saman, en hægt að færa til á bolta, og stilla ætti öryggishlífina eins lágt og efnisþykkt leyfði. Aðspurður um stillingu öryggishlífarinnar á dskj. nr. 4 sagði hann hana stillta þar í hærra lagi. Hann treysti sér ekki til að segja, hver stillti öryggishlífina, er slysið varð, hann myndi það ekki. En öryggishlíf væri til verndar höndum og því, að kubbar spýttust frá sagarblaði. Í þessu falli hefði kleyfirinn haft varnaðaráhrif.

Hvað þessa kennslustund varðaði, hefði hún byrjað á því, að hann leið-

beindi strákunum með að saga, þ. e. a. s. hópnum, en stefnandi hefði ekki fengið sérleiðbeiningar. Hefði hann ekki séð ástæðu til að leiðbeina honum sérstaklega, þar sem hann hefði ekki talið þörf á því og ekki hægt að leiðbeina hverjum nemanda sérstaklega. Nemandi, sem komi of seint, geri það á eigin ábyrgð. Slysið hefði ekki orðið, hefði stefnandi staðið rétt við vélina. Hann kvaðst ekki hafa séð stefnanda eða aðra nota þessa röngu vinnustellingu. Hann taldi mjög ótrúlegt, að stefnandi hefði ekki sagað oftari en tvisvar eða þrisvar í vélinni. Hver nemandi ynni sitt stykki, og stefnandi hefði átt að kunna að breyta stillingu á öryggishlífinni og kleyfinum. Aðspurður vissi hann ekki, hvenær stefnandi kom í kennslustundina. Hann upplýsti, að nýjar vélar væru búnar góðum og handhægum öryggishlífum og betur stillanlegum öryggisbúnaði almennt.

Vitnið Torfi Leósson trésmíðakennari, kt. 050429-2299, Austurbyggð 4, Akureyri, sem jafnframt er húsgagnasmíðameistari að mennt og með kennararéttindi og deildarstjóri í Verkmenntaskólanum á Akureyri, bar, að verkleg kennsla væri 24 tíma í viku. Nemendum væri kynnt hver vél og öryggisatriði brýnd fyrir nemendum. Fyrst væri sýnikennsla, og síðan ynnu nemendur, og kennari staði yfir. Nemendum væru kennd rétt vinnubrögð við vélar og að standa rétt að verki. Eftir þjálfun færu nemendur síðan einir í vélar, og væri þess vegna rík áhersla lögð á það á haustönn að kenna grundvallaratriði að öllu, sem varðaði öryggisþætti. Stefnandi hafi verið ágætisnemandi. Í þessu tilviki hafi verið söguð spónlögð spónaplata, og því hafi þurft að stilla hjólsagarblaðið heldur hærra, svo að ekki brotnaði úr skurðinum að ofan, og einnig væri notað annað sagarblað, fyrirskurðarblað, til að skera fyrir spæninum að neðan. Atriði væri, að rétt skurðarhorn færi á það, sem sagað væri, og réðist það af hæð blaðsins. Ef réttum vinnubrögðum hefði verið beitt, hefði slys þetta ekki komið fyrir. Er slysið varð, hefði stefnandi verið búinn að læra að skipta um blað í vélinni svo og stilla öryggishlíf. Brýnt væri fyrir mönnum að nota eftirreku og bannað að fara fram fyrir sagarblaðið og reyndar ekki nær sagarblaði en að enda öryggishlífar. Í lok haustannar eru tekin verkleg próf, t. d. í notkun þessarar vélar, og er slysið varð, hafi stefnandi verið búinn að taka þetta próf. Mönnum væri kennt að stilla öryggishlífina og að hafa fjarlægðina kleyfir í blað 10 – 20 mm. Vitninu var sýnt dskj. nr. 4, og taldi hann fjarlægðina milli sagarblaðs og hlífar ca. 3 – 4 cm. Taldi hann það heldur langt, en það kæmi þó ekki að sök, þar sem brýnt væri fyrir mönnum að nota eftirreku, og hana hefði þurft að nota í þetta sinn.

Fyrir dóm kom vitnið Helgi Haraldsson, umdæmisstjóri Vinnueftirlits ríkisins á Norðurlandi eystra, kt. 030363-5589, Ránargötu 6, Akureyri.

Vitnið kannaðist við skýrslu sína á dskj. nr. 5 og var sýnt dskj. nr. 4, ljósmyndir rannsóknarlögreglu. Miðað við efni taldi hann stillingu vélarinnar ekki rétta, hvorki á kleyfi né öryggishlíf. Bilið milli kleyfis og blaðs ætti að vera 3 mm miðað við erlend rit og öryggishlífin að umlykja sagarhjólíð, og í þessu tilviki hefði öryggishlífin átt að vera eins nálægt efninu og mögulegt hefði verið. Taldi hann, að rétt stillt öryggishlíf hefði átt að koma í veg fyrir slysið. Þá taldi hann, að enda þótt síðurnar á öryggishlífinni væru mislangar, hefði hlífin átt að gera sitt gagn, hefði þessa verið gætt, jafnvel þótt stefnandi hefði staðið öfugum megin við sögina.

Við endurupptöku málsins lagði lögmaður stefndu fjármála- og menntamálaráðherra fram haustannarpróf í desember 1990 í námsáfangi ÁTB 122, sem er áhalda- og tækjafræði byggingarmanna, en samkvæmt áfangalýsingu á dskj. 45 er þar farið yfir heiti, notkun, meðhöndlun, umhirðu, viðhald og öryggisatriði áhalda, tækja og véla, sem notuð eru í tréiðnaði. Á prófi þessu, sem er á dskj. nr. 44, eru spurningar 14 – 16 um stillingu á kleyfi og ýmis atriði í sambandi við stillingu á hjólsagarblaði, og samkvæmt einkunnablaði stefnanda á dskj. nr. 47 hafði hann fengið 7 í einkunn á því prófi, svo og hafði hann tekið próf í öryggisfræði 101 á vorönn og fengið 6 í einkunn samkvæmt sama dskj.

Upplýst er í málinu, að til grundvallar bóklegu kennslunni var kennd bókin Véltrésmíði, ýmis grundvallaratriði, eftir Þröst Helgason, út gefin í Reykjavík í mars 1975, sbr. dskj. nr. 39, en ekki bókin Véltrésmíði 1, út gefin 1990, er Páll Jónsson þýddi og lögð er fram á dskj. nr. 15 af stefnanda og hann vitnar til í stefnu.

Svo sem áður greinir, liggur fyrir í málinu örorkumat Júlíusar Valssonar læknis, dags. 12. mars 1992, dskj. nr. 7. Í matinu segir svo:

— — —

#### *Ályktun.*

Slasaði er sautján ára gamall piltur, nemi í Verkmenntaskólanum á Akureyri í trésmíði, sem varð fyrir því óhappi að saga framan af tveimur fingrum hægri handar, vísifingri og löngutöng. Hér er um varanlegan skaða að ræða, og þykir því rétt að meta nú tímabundna og varanlega örorku slasaða vegna vinnuslyssins 23. janúar 1991 sem hér segir:

|                 |       |
|-----------------|-------|
| Í þrjá mánuði   | 100%  |
| Varanleg örorka | 15%.“ |

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur hefur tvívegis reiknað út tjón stefnanda, í fyrra sinnið 8. desember 1992, sbr. dskj. nr. 10, og var þá reiknað með 6% vöxtum og vaxtavöxtum eftir útreikningsdag. Síðari út-

reikningurinn er frá 19. október 1995 (ath. ártal), sbr. dskj. nr. 1, þar sem eftir útreikningsdag eru notaðir 4,5% vextir og vaxtavextir. Samkvæmt þeim reikningi er farið eftir dánarlíkum árána 1976–1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til launa í veikindum eða skatta. Útreikningar tryggingafræðingsins eru þannig:

„Snæbjörn Ingi Ingólfsson varð fyrir vinnuslysi 23/1 1991 og slasaðist á hendi. Hann er fæddur 7/4 1974 og hefur því verið 16 ára á slysdegi.

Júlíus Valsson læknir hefur í örorkumati, dags. 12/3 1992, metið örorku af völdum slyssins þannig:

|                 |      |
|-----------------|------|
| Í þrjá mánuði   | 100% |
| Varanleg örorka | 15%  |

Hér er um að ræða ungan pilt. Tekjur hans framvegis áætla ég þannig: Á 22. aldursári reikna ég með 52 vikna vinnu með 40 dagvinnustundum án orlofs og 467½ yfirvinnustund (10 stundir á viku í 46¼ vikur) á taxta Dagsbrúnar fyrir fiskvinnu (almennt fiskvinnslufólk eftir 3 ár) með 10,17% orlofi. Á 21. aldursári miða ég við 95% fyrrnefndra tekna og lækkandi um 5% á ári niður í 75% á 17. aldursári. Frá og með 26. aldursári geri ég ráð fyrir meðaltekjum iðnaðarmanna, sem nú teljast vera 1.632.600 kr. á ári samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Hækkun tekna frá 22. til 26. aldursárs skipti ég jafnt á árin þar á milli.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tap vegna örorku slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, fæst eftirfarandi áætlun:“

.....

„Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér á slysdegi:

|                            |                      |
|----------------------------|----------------------|
| Vegna tímabundinnar örorku | kr. 136.700          |
| Vegna varanlegrar örorku   | – 4.503.300          |
| Samtals                    | <u>kr. 4.640.000</u> |

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku, 270.200 kr.

Frá Tryggingastofnun ríkisins fékk Snæbjörn örorkubætur, 254.934 kr., 15/7 1992. Höfuðstólsverðmæti þeirra reiknast mér á slysdegi 240.900 kr.

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi, 19/10

1995, notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands.“

Við aðalflutning málsins lagði lögmaður stefnanda fram kvittun, dagsetta 4. 5. 1992, um móttöku greiðslu frá Vátryggingafélagi Íslands hf., að fjárhæð 487.650 kr. alls, vegna varanlegrar örorku stefnanda, en tryggingartaki er stefndi Verkmenntaskólinn á Akureyri. Að frádregnum kostnaði var nettó-greiðsla til stefnanda 420.785 kr., sem hann kvittar fyrir móttöku á 5. 5. 1992. Er dskj. þetta númer 42.

Verða nú raktar málsástæður og lagarök aðila.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndu beri bótaábyrgð á tjóni hans solidarískt, vegna þess að kennari hafði hvorki eftirlit með vinnubrögðum stefnanda né leiðbeindi honum. Enn fremur hafi öryggisbúnaður vélarinnar, þ. e. a. s. blaðhlíf og kleyfir, verið rangt stilltur. Skyldur kennara séu að stilla þetta rétt. Kennari hafi þannig sýnt af sér vangæslu, og beri því stefndu húsbóndaábyrgð á tjóni stefnanda. Eftirlit kennara hafi ekkert verið, þar eð hann var að sinna öðru, þegar slysið varð. Hafi kennarinn verið að leiðbeina nemendum við límingu, sem sé hættulaust verk, hann hefði frekar átt að hafa eftirlit með stefnanda við sögunina. Hann hafi ekki heldur veitt stefnanda neinar leiðbeiningar um, hvernig hann ætti að standa að verki. Enda þótt stefnandi hafi komið of seint í tíma, hefði kennarinn engu að síður átt að leiðbeina honum sérstaklega, en að öðrum kosti banna honum að nota sögina leiðbeininga- og eftirlitslaust. Stefnandi hafi staðið öfugum megin við sögina og ekki notað eftirreku, er hann lenti með höndina í sagarblaðinu. Hafi kennarinn átt að fylgjast með og leiðrétta þessi röngu vinnubrögð. Það gerði hann ekki, og séu stefndu því ábyrgir vegna skaða, sem af þessu hafi hlotist.

Það hljóti að vera lögð ströng eftirlitsskylda á kennara, sem fylgist með óvönnum nemanda á fyrsta ári smíðanáms við vinnu við hættulegar vélar. Vísar stefnandi í þessu sambandi til 14. gr., 20. til 23. gr., 6., 7. (sic), sbr. X. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Af því að öryggisatriðum sé ábótavant, vísar stefnandi til dskj. nr. 15 í stefnu, sem hann segir kennslubók, er kennd sé við VMA og heiti Véltrésmíði 1. Í bók þessari komi fram, hvernig eigi að fara að við vélsagir, öryggisatriði o. fl. Segi í bókinni um stillingu á kleyfi, að hann skuli vera í minnst 3 mm fjarlægð frá sagarblaði, en mest í 10 mm, og blaðhlífin, sem fest sé við kleyfinn, eigi að vera eins lágt stillt og efnisþykkt leyfi. Um skyldur kennara segi, að hann eigi að gæta að því, að öryggishlífin sé rétt stillt. Á dskj. nr. 4, sem eru ljósmyndir rannsóknarlögreglu af slysvettvangi, megi glögg-

lega sjá, að bæði kleyfir og öryggishlíf séu rangt stillt og sagarblað því óvarið og geti á engan hátt hindrað slys á óvönum nemanda í trésmíði, eins og stefnandi var. Öryggishlífir eigi að vera til þess að hylja hreyfanlega, hættulega hluti véla, svo að menn reki sig ekki í þá, í þessu tilviki sagarblaðið, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 492/1987 og skýringar við reglur um öryggisbúnað, sbr. ívitnaða reglugerð, en þar sé lýst, hvernig glufustaðlar séu varðandi öryggishlífir, t. d., hvernig þær eigi að koma í veg fyrir, að hönd eða hluti handar komist undir hlífir að hættulegum hlutum vélar. Öryggishlífir eigi að vera þannig stilltar, að þær geri eitthvert gagn, en ekki nóg að hafa þær á vélum, ef þær séu rangt stilltar, eins og í þessu tilviki. Öryggishlífin hafi því verið gagnslaus, og því hafi ekki verið um neina óhappatilviljun að ræða. Skýrsla Vinnueftirlits ríkisins styðji og þessa málsástæðu svo og framburður Helga Haraldssonar.

Að því er áfellisbætur varðar, telur stefnandi, að vinnuslys eins og hann lenti í séu algeng bæði á verkstæðum og í skólum hér á landi. Á mörgum verkstæðum séu öryggishlífir aldrei notaðar og þyki til trafala. Helst sé það þó hugarfarið, sem ráði, þ. e. a. s. öryggisbúnaður og hlífir séu einungis fyrir klaufa og óvana menn. Nemendur í smíðum eigi að kynnast ströngu eftirliti, ströngum reglum um varúð og notkun öryggistækja. Alltaf eigi að stilla öryggistæki rétt, svo að þau geri sem mest gagn. Nemendur eigi ekki að venjast því, að í kennslustofum séu öryggistæki stillt þannig, að þau geri ekkert gagn, og á verkstæðum séu alls ekki hlífir. Ekki þurfi að fjölyrða um mikilvægi þess, að öryggiskröfur séu strangar, því að það, sem ungur nemur, gamall temur. Í þessu falli hafi öryggiskröfur verið forsmáðar. Beri að taka á því stranglega.

Stefnandi heldur því fram, að auk þess að dæma stefndu til greiðslu alls útreiknaðs fjárhagslegs tjóns síns auk miskabóta beri að dæma stefndu til að greiða sérstakar áfellisbætur, að fjárhæð 13.522.400 kr. eða lægri fjárhæð að mati dómsins. Með því að dæma stefndu til greiðslu slíkra bóta yrði eftir því tekið og öryggismálum hagað með öðrum hætti og breyttum, bæði í kennslustofum stefnda og annars staðar og jafnvel úti í þjóðfélaginu. Þannig mætti auk varnaðaráhrif að mun. Sérstök ástæða sé til þessa í þessu falli, þar sem skeytingarleysi hafi verið mikið og það í skólastofu gagnvart ungum og óreyndum nemendum.

Stefnandi er ljóst, að bætur þessar séu óvenjulegar og ekkert fordæmi fyrir þeim í íslenskri réttarframkvæmd, svo að vitað sé. Hins vegar sé skaðabótarétturinn mótaður af venjum og dómafordæmum og þess vegna ekkert, sem mæli í sjálfu sér gegn slíkri tegund bóta í íslenskri réttarframkvæmd. Telur stefnandi, að öll rök hnígi að því að beita slíku réttar-

úrræði, eins og mál þetta sé vaxið. Forsendur áfellisbótanna séu, að hegðan stefndu sé mjög ámælisverð, þ. e. a. s. hvorki farið eftir öryggiskröfum, reglugerðum né lögum. Ástæða sé til að ljá áfellisdómi sérstök varnaðaráhrif, vegna þess að öryggiskröfur hafi verið brotnar í skólastofu, þar sem þær þurfi að vera sérstaklega miklar og ástæða til að áfellast stefndu og áminna fyrir þessa háttsemi. Sé þessi tegund bóta þekkt í bandarísku réttarkerfi og kölluð þar exemplary eða punitive damages, stundum presumptive damages.

Til lagaraka vísar stefnandi til vaxtalaga nr. 25/1987. Málskostnaðarkröfu sína reisir hann á lögum um meðferð einkamála, svo og vísar hann til laga nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og reglugerðar nr. 492/1987 ásamt útskýringum og reglna bótaréttar óskráðra, t. d. sakarreglu og reglunnar um húsbóndaábyrgð.

Málsástæður og lagarök stefndu menntamála- og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru studdar því, að Jón Hólmgeirsson kennari hafi ekki sýnt af sér nokkra óaðgæslu í starfi. Tjón stefnanda megi umfram allt rekja til eigin sakar hans. Hafi hann verið á 17. ári, er óhappið varð, og átt að hafa þann þroska til að bera að gera sér grein fyrir því, að vélar bar að umgangast með varúð. Það hafði kennarinn brýnt fyrir nemendum alla tíð, og auk þess var sérstakur viðvörunarmiði á vélinni með eftirfarandi áletrun: „Hætta. Röng vinnubrögð geta valdið stórslysi“, – eins og sjá megi á dskj. nr. 4. Jafnhliða verklegu námi hafi hann notið bóklegar fræðslu, þar sem lögð hafi verið áhersla á öryggisþætti, og tekið próf í því, áður en slysið varð. Fyrir lögreglu hafi stefnandi borið, að hann hafi oft notað vélina þá um veturinn. Hann hafi því þekkt vélina, og þó að hann hafi ekki notið þeirrar sýnikennslu, er fram fór í upphafi kennslustundarinnar, þar sem hann kom of seint, sá hann, hvernig aðrir nemar fóru að. Þrátt fyrir vitneskju sína stóð hann öfugum megin við vélina. Í lögregluskýrslunni beri stefnandi, að skólafélagi sinn hafi kallað til sín og sagt, að hann hefði sagað í hönd sér. Ástæður óhappsins verða því einkanlega raktar til stefnanda sjálfs. Sé engan veginn unnt að saka kennara um vangæslu, að hann stóð ekki yfir stefnanda, meðan hann var að nota vélina. Kennarinn gat ekki búist við því í ljósi þess, að nemandinn hafði oft notað vélina áður, að hann tæki upp á því að nota ranga vinnustellingu. Sé því fjarri lagi að saka kennara um eftirlits- og leiðbeiningaskort. Kennari hafi með höndum hópkenndu og honum nauðsynlegt að skipuleggja kennsluna og sinna öllum nemendum. Beri þeim einnig að hlíta fyrir mælum kennarans og koma til kennslu á tilsettum tíma. Ekki verði því haldið fram, að kennarinn sýni af sér vanrækslu, þegar hann leiðbeinir hópnum fremur en að láta hópinn bíða, meðan staðið er

yfir þeim eina, er kom of seint. Þetta eigi við í ljósi þess, að nemandinn hafi oft notað vélina áður. Kennarinn gat ekki átt von á því, að stefnandi beitti ekki þeim vinnubrögðum, sem honum höfðu verið innprentuð og kennd. Stefnandi haldi því fram, að kennarinn hefði átt að leiðbeina stefnanda um notkun eftirreku. Vegna stærðar plötunnar, er stefnandi var að saga, hafi ekki verið nauðsynlegt að nota hana í þessu tilviki og sérstaklega ekki, ef stefnandi hefði staðið rétt að verki.

Mótmælt er þeirri málsástæðu, að öryggisatriðum hafi verið ábótavant. Fram komi í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins á dskj. nr. 5, að vélin hafi verið í fullkomnu lagi. Orsök slyssins sé óljós, en aðalástæðan, sem nefnd er, sé röng vinnustelling. Einnig sé talið líklegt, að blaðhlífin hafi verið of ofarlega og þar með ekki verkað sem skyldi. Af stefnanda hálfu sé við það miðað, að röng stilling öryggishlífarinnar sé grundvallaratriði í málinu. Hefði hlífin verið stillt á annan hátt, hefði óhappið ekki orðið. Þessu er allsendis hafnað. Grundvallaratriði málsins sé það, að stefnandi stóð öfugum megin við vélina. Hefði hann staðið réttum megin, hefði hann aldrei verið í aðstöðu til að reka fingurna í sagarblaðið. Hann hefði einfaldlega ekki getað gert það, því að hægri hönd hefði þá ýtt á eftir og ofan á plötuna. Allur hópurinn, þ. e. a. s. 14 nemendur í tímanum, notuðu vélina þannig stillta með rétttri vinnustellingu, án þess að óhapp yrði. Í gegnum sjóngatið á blaðhlífinni, sé hún höfð fast niðri við efnið, sé ekki hægt að fylgjast nægjanlega vel með söguninni. Einnig er til þess vísað, að úr því að stefnandi kaus að nota ranga vinnustellingu, hafi honum einnig verið í lófa lagið að stilla sjálfur blaðhlífina, svo sem honum hafði verið kennt.

Verði ekki fallist á aðalkröfu, er gerð sú krafa við ákvörðun bóta, að tillit verði tekið til eigin sakar stefnanda, sem verði að teljast veruleg. Kröfunni um sérstakar áfellisbætur er harðlega mótmælt. Slíkar bætur þekkjast ekki í íslenskum rétti. Dómsstólar hafi aðeins tekið til greina miskabætur á grundvelli sérstakrar lagaheimildar svo og bætur fyrir fjárhagslegt tjón. Kröfum stefnanda vegna fjárhagslegs tjóns er mótmælt sem allt of háum og gerð krafa, að til lækkunar komi heildargreiðslur, sem stefnandi hafi fengið frá öðrum aðilum, svo sem Tryggingastofnun ríkisins og Vátryggingafélagi Íslands hf. Þá er mótmælt bótum vegna tímabundinnar örorku. Stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni vegna tímabundinnar örorku. Þá er krafist verulegrar lækkunar vegna hagræðis við eingreiðslu bóta og skattfrelsis. Miskabótakröfu er mótmælt sem allt of hárrí, og virðist sem miski sé innifalinn í örorkumati, sem sé of hátt og miskinn því tvíkrafinn. Vöxtum og upphafstíma vaxta er mótmælt.

Kröfu sína um málskostnað reisa stefndu á lögum um meðferð einkamála.

Sérstaklega ámælisvert telja stefndu, að lögmaður stefnanda hafi látið sem kennslubók á dskj. nr. 15 hafi verið notuð við kennsluna.

Málsástæður og lagarök stefnda bæjarstjórans á Akureyri f. h. Akureyrarbæjar og Verkmenntaskólans á Akureyri eru þær, að sýknukröfu sína byggji Akureyrarbær á því, að hann geti ekki verið aðili í skilningi 5. tl. 17. gr. laga nr. 91/1991. Verkmenntaskólinn á Akureyri sé sameign ríkisins og þeirra sveitarfélaga, sem eiga aðild að héraðsnefnd Eyjafjarðar, en það séu auk Akureyrar Arnarneshreppur, Árskógshreppur, Dalvíkurkaupstaður, Glæsibæjarhreppur, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hrafnagilshreppur, Hríseyjarhreppur, Ólafsfjarðarkaupstaður, Saurbæjarhreppur, Skriðuhreppur, Svarfaðardalshreppur, Öngulsstaðahreppur og Öxnadalshreppur. Sveitarfélög þessi hafi verið stofnaðilar að héraðsnefndinni, sbr. dskj. nr. 37, en hluti þeirra, þ. e. Hrafnagils-, Saurbæjar- og Öngulsstaðahreppur, hefur nú sameinast í eitt sveitarfélag, þ. e. Eyjafjarðarsveit. Til verkmenntaskólans hafi upphaflega verið stofnað með samningi milli menntamálaráðuneytis og bæjarstjórnar Akureyrar 19. ágúst 1981, en jafnframt tekið fram, að samninginn skuli endurskoðaður, verði lög sett, er breyti skipan skólamála á framhaldsskólastigi, eða ef reglum um kostnaðarskiptingu verði breytt. Samningur þessi hafi verið gerður á grundvelli laga nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977. Hafi reglugerðir verið settar um skólann á grundvelli framangreindra laga, fyrst reglugerð nr. 254/1984 og síðan reglugerð nr. 182/1987. Í kjölfar þess stofnsamnings hafi verið gerðir samningar milli ráðuneytisins og Akureyrarbæjar um uppbyggingu einstakra áfanga skólans með tilliti til stofnkostnaðar, þ. e. a. s. bygginga og stofnbúnaðar. Vegna þessara samninga hafi síðan verið gerður uppgjörssamningur milli ráðuneytisins og Akureyrarbæjar 22. júlí 1992, sbr. dskj. nr. 36. Skólinn sé nú byggður upp og hann rekinn á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 57/1988, sbr. lög nr. 72/1989 og lög nr. 81/1993, sbr. reglugerð um framhaldsskóla nr. 105/1990. Í stofnsamningnum sé kveðið á um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarsjóðs, bæði varðandi stofnkostnað og rekstrarkostnað, sbr. 9. gr. dskj. nr. 35. Samkvæmt því var stofnkostnaður þannig, að ríkissjóður greiddi 60%, en sveitarsjóður 40%. Rekstrarkostnaður skiptist á hinn bóginn þannig, að ríkissjóður greiddi laun kennara og annars starfsfólks. Öðrum rekstrarkostnaði skiptu aðilar til helminga. Samkvæmt núgildandi lögum um framhaldsskóla nr. 57/1988 sé rekstrarkostnaður hins vegar allur greiddur af ríkissjóði. Samkvæmt lögnum fari menntamálaráðuneytið með yfirstjórn skólans, sjái um kennslueftirlit og fleira. Þá sé það menntamálaráðherra, sem skipi skólameistara og kennara, en skólameistari í umboði ráðherra ráði kennara og annað starfsfólk. Sambærileg ákvæði um rekstrar-

kostnað sé að finna í IX. kafla reglugerðar nr. 105/1990. Verkmennaskólinn á Akureyri sé því sem rekstrareining ríkisstofnunar. Núverandi eigendur skólans séu ríkið og þau sveitarfélög, sem eiga aðild að héraðsnefnd Eyjafjarðar, og greiða þessir aðilar stofnkostnað í samræmi við núgildandi lög um framhaldsskóla. Svo sem áður greinir, taki Akureyrarbær engan þátt í öðru en stofnkostnaði, en allur rekstur sé í höndum ríkissjóðs. Megi af þessu ljóst vera, að stefndi Akureyrarbær geti enga bótaábyrgð borið á grundvelli reglunnar um húsbóndaábyrgð, þ. e. a. s., að hann beri ábyrgð á saknæmri hegðun starfsmanna skólans. Þar sem stefndi Akureyrarbær hefur engin afskipti af rekstri eða starfsmannahaldi skólans, beri hann ekki ábyrgð á starfsmönnum skólans, og séu því engin rök til að dæma Akureyrarbæ meðábyrgan ríkissjóði solidarískt, slíkt væri í andstöðu við gildandi lög um framhaldsskóla. Einnig megi velja því fyrir sér, hvort ekki hefði átt að stefna öðrum aðilum að héraðsnefnd Eyjafjarðar eða nefndinni sjálfri. Yrði sú niðurstaða viðurkennd, að Akureyrarbær bæri ábyrgð á tjóni þessu, yrði að vísa máli þessu frá dómi ex officio, þar sem þeim, sem sannanlega eiga samaðild að málinu, hefði ekki verið gefið færi á að svara til saka í máli þessu. Að þessu slepptu vísar stefndi að öðru leyti til þeirra málsástaðna, sem stefndu fjármálaráðherra og menntamálaráðherra hafa reifað hér að framan.

Stefndi mótmælir þeirri fullyrðingu stefnanda, að stefndu skipti á milli sín rekstrarkostnaði skólans. Einnig mótmælir hann stefnukröfu sem allt of hárr og sérstaklega kröfunni um áfellisbætur sem rangri, þar sem réttarkerfi okkar geri ekki ráð fyrir slíkum bótum. Gert sé ráð fyrir því í skaðabótarétti sem grundvallarreglu, að sannanlegt tjón tjónþola skuli bætt, en hann ekki hagnast af tjóni sínu. Að sama skapi séu menn beittir sektum eða öðrum viðurlögum, hafi þeir gerst brotlegir.

Þess skal getið, að áður en aðalmeðferð hófst, fór dómariinn ásamt lögmennum aðila og stefnanda á vettvang, þar sem fyrir voru Bernharð Haraldsson skólameistari og kennararnir Torfi Leósson og Jón Hólmgeirsson. Var dóminum sýnd sögin og aðstæður allar og borið saman við fram lagðar ljósmyndir í málinu og atvikið sviðsett, þó án þess, að sögin væri gangsett.

#### *Álit dómsins.*

Í framburði vitnisins Helga Haraldssonar hér fyrir dómi kemur fram, að hann telur stillingu vélarinnar ekki hafa verið rétta, þ. e. a. s. hvorki kleyfis- né öryggishlífar. Í þessu tilfelli hefði öryggishlífin átt að vera eins nálægt efninu og mögulegt er og hún átt að gegna hlutverki sínu, hefði þess verið gætt. Fjarlægðin kleyfir-sagarblað hefði átt að vera 3 mm. Í kennslubók

þeirri, sem kennd var, sbr. dskj. nr. 39, er upp gefin sama fjarlægð. Vitnin Jón Hólmgeirsson og Torfi Leósson telja, að öryggishlífin hafi verið heldur hátt stillt. Stefnandi neitar að hafa nokkuð átt við stillingar sagarinnar, og vitnið Jón Hólmgeirsson gat ekki um það borið, hver stillti öryggishlífin. Upplýst er, að stefnandi stóð öfugum megin við vélina og notaði ekki eftirreku. Ber hann, að allur háttur hafi verið á, hvernig hann stóð við vél þessa. Upplýst er, að nemar fá kennslu í meðferð véla og þeim kennd stilling þeirra og öryggisreglur í sambandi við þær. Til þess ber að líta, að stefnandi er eftirlitslaus að vinna við hættulega vél og notar röng vinnubrögð. Á því ber hann ábyrgð, en hinu verður ekki horft fram hjá, að hann er í kennslustund og að þar er það kennarinn, sem stjórnar. Þrátt fyrir það að stefnandi hafi fengið kennslu í meðferð sagarinnar, ber mjög á milli, hve oft hann hafði notað hana, svo og ber að líta til hins unga aldurs stefnanda og hann nemi á fyrsta ári. Samkvæmt ljósmyndum á dskj. nr. 4 má það ljóst vera, að öryggisbúnaður vélarinnar var ekki sú vernd, er ætla mátti, að honum væri ætlað að veita. Að þessu virtu getur dómurinn því fallist á þær málsástæður stefnanda, að skort hafi á eftirlit og öryggisbúnað. Hins vegar má einnig fallast á það með stefndu, að stefnandi hafi hegðað sér af nokkru gáleysi. Samkvæmt þessu þykir rétt, að stefndu beri meiri hluta sakarinnar, 2/3, en stefnandi 1/3 hluta.

Koma þá stefnukröfur til athugunar. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda er á slysdegi 4.640.000 kr., verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 270.200 kr. og miskabótakrafa 3.000.000 kr. Þar á móti hefur hann fengið greitt frá Tryggingastofnun ríkisins 254.934 kr. og 487.650 kr. frá Vátryggingafélagi Íslands hf. Með tilliti til hagræðis eingreiðslu og að fráðregnum þeim greiðslum, er hann hefur fengið, þykir höfuðstólsverðmæti vinnutekjutapsins og tapaðra lífeyrisréttinda hæfilega ákveðið 3.300.000 kr. og bætur fyrir miskann 600.000 kr. Samkvæmt sakarskiptingunni koma því í hlut stefnanda bætur alls 2.600.000 kr. Krafan um kostnað vegna útreiknings tryggingafræðings, 16.950 kr., verður tekin til greina við ákvörðun málskostnaðar. Samkvæmt lögum nr. 57/1988 um framhaldsskóla ásamt síðari breytingum stendur ríkissjóður straum af öllum rekstrarkostnaði Verkmenntaskólans á Akureyri sem framhaldsskóla, og er hann undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Stefndi Akureyrarbær ber því enga rekstrarlega ábyrgð á skólanum eða starfsemi hans, og er hann því sýknaður af þeirri ástæðu. Rétt þykir þó, að málskostnaður falli niður, að því er Akureyrarbæ varðar. Hins vegar ber að dæma stefndu menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sem rekstraraðila að greiða stefnanda framangreinda bótafjárhæð. Að því er kröfuna um áfellisbætur varðar, 13.522.400

kr., er sýknað af henni, þar sem hún styðst hvorki við lög né landsrétt. Vaxtakrafa stefnanda er tekin til greina, svo sem í stefnu greinir. Samkvæmt þessum lyktum ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 kr., og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði stefnanda, Snæbirni Inga Ingólfssyni, 2.600.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum] og 400.000 kr. í málskostnað.

Stefndi bæjarstjórinn á Akureyri f. h. Akureyrarbæjar og Verkmenntaskólans á Akureyri er sýknaður af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

---